

Byggingarnefnd íþróttamannvirkja í Búðardal Fundargerð, 4. fundur.

Fundur haldinn í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal og fjarfundi 24. mars 2022. Fundurinn hófst kl. 15:05.

Fundarmenn: Einar Jón Geirsson, Guðlaug Kristinsdóttir (í fjarfundi), Kristján Sturluson, Ragnheiður Pálsdóttir (í fjarfundi) og Þuríður Sigurðardóttir. Auk þess sátu fundinn Kristján Ingi Arnarsson og Sæþór Kristinsson starfsmenn Dalabyggðar.

1. Uppfærðar tillögur frá Alark.

Farið yfir lýsingu arkitekta.

Ákveðið að nota tillögu A um staðsetningu sundlaugar og heitra potta.

Vaðlaug er ekki á framkvæmdalista núna en gert verður ráð fyrir plássi fyrir hana og rennibraut.

Flái að Sundlaug verði inni á sundlaugarsvæði og girðing komi neðst í brekkunni (suður og vestur).

Inngangur er á móti hánorðri, þarg að huga að aðgerðum vegna þess.

Huga þarf að plássi sem burðarvirki í íþróttasal tekur.

Brunahönnun íþróttasals miði við 400 mans. Skoða hvð það hækkar kostnað vegna flóttaleiðar.

2. Undirbúningur alútboðs.

Farið yfir kafla 0 í alútboðsgögnum.

Verklok verði 1. júní 2024.

Verklok jarðvinnu verði 15. ágúst 2022.

Gera þarf samning við Verkís og Alark. Bjóða út verkefni byggingarstjóra.

3. Samkomulag við Verkís.

Farið yfir samning við Verkís. Lagt er til við sveitarstjórn að hún samþykki hann. Hann kveður á um kr. 7.813.750 án VSK.

Næsti fundur verður 31. mars kl. 15:00

Fundi slitið kl. 17:25.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson

Fundargerð staðfest í tölvupósti:

Einar Jón Geirsson, 25.03.2022, kl. 20:03

Ragnheiður Pálsdóttir, 24.03.2022, kl. 19:54

Guðlaug Kristinsdóttir, 24.03.2022, kl. 20:20

Þuríður J. Sigurðardóttir, 24.03.2022, kl. 19:38




SVEITARSTJÓRI
DALABYGGÐAR
Kristján Sturluson